

Mál nr. 206/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. ágúst 2022, ásamt fylgigögnum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 26. og 27. september 2022 ásamt bréfi sama dags. 1. september 2022.
4. Tölvupóstur starfsmanns nefndarinnar til V dags. 4., 6. og 13. október 2022.
5. Tölvupóstur V til nefndarinnar, dags. 5. og 13. október 2022.

Sérstök málsmeðferð málsins og leiðrétting.

Mál þetta var tekið upp að nýju af hálfu nefndarinnar eftir að úrskurður var kveðinn upp hinn 20. september 2022 þar kom í ljós að ekki höfðu öll innsend gögn af hálfu lögmanns M skilað sér til nefndarinnar, en um var að ræða bréf hans dags. 1. september 2022. Ástæða þessa voru atvik sem varða skjalaumsýslu nefndarinnar og ekki M eða lögmanni hans að kenna. Einnig var misritun í niðurstöðukafla úrskurðarins þar sem niðurstaða annars máls var tilgreind sem og röng tilgreining gagna málsins. Verður að telja umrædd atriði að öllu leyti á ábyrgð nefndarinnar og því nauðsynlegt að leiðrétta úrskurð í málinu með tilliti til umrædds viðbótargagns og rangra tilgreininga.

Í bréfi lögmanns M dags. 1. september 2022 koma fram viðbótarathugasemdir við þau gögn sem vísað var til í fyrri úrskurði dags. 20. september 2022. V taldi ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir við efnisatriði málsins, sbr. tölvupóst frá 13. október sl. Ekki fylgdu frekari gögn þeim athugasemdum og telur nefndin þau sjónarmið sem koma fram í umræddu bréfi 1. september 2022 í besta falli til fyllingar þeim sjónarmiðum sem þá þegar höfðu komið fram í málatilbúnaði M með málskoti dags. 30. júní 2022 eða þeirra gagna sem lágu þá fyrir í málinu. Nefndin aftur um málið á fundi sínum 18. október 2022 og var farið yfir títtnefndar röksemdir lögmanns M á þeim fundi. Ekki þykja rök til þess að breyta niðurstöðu nefndarinnar og stendur hún því óbreytt með eftirfarandi hætti:

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hjá X hinn 15. október 2018. M var við vinnu sína í körfulyftu þegar fótur undan lyftunni gaf sig og hann féll niður um fjóra metra og kveðst hafa hlotið við það slynk á bak og líkamstjón. Í gögnum málsins liggja m.a. fyrir myndir af lyftunni sjálfri sem og afrit ódagsettrar tilkynningar M um slysið til Sjúkratrygginga Íslands þar sem hann segir að fótur lyftunnar hafi gefið sig, tilkynning X um slysið til V dags. 20. október 2019, þar sem segir að hlykkur hafi komið á lyftu í greint sinn vegna athugunarleysis og skorts M sjálfs á varkárni þar sem hann hefði verið mikið í síma þrátt fyrir reglur X um að slík notkun væri einungis heimil í matar- og kaffitímum nema bráð nauðsyn væri. Einnig liggur fyrir handskrifuð úttekt Vinnueftirlitsins dags. 16. október 2018 á körfulyftu X þar sem koma fram fyrirmæli um að laga þurfi merkingar stjórnækja, læsingu á körfuhliði og yfirfara neyðarslökun. Þessu til viðbótar er tölvupóstur frá vélvirkja dags. 8. ágúst 2022 þar sem segir að múrhúð hafi verið á einum skynjara vinnulyftu X þegar hann hafi komið stuttu eftir slys M, en ekki hafi verið hægt að greina hvort það gerðist við það verk sem M var að vinna eða áður.

M telur X bera skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss hans þar sem aðstæður á vinnustaðnum hafi verið óforsvaranlegar í skilningi fyrirmæla laga nr. 46/1980. Nánar tiltekið hafi fyllsta öryggis ekki verið gætt af hálfu X, í skilningi 1. mgr. 14. gr., 37. gr. laganna, né heldur hafi vél X verið í lagi í skilningi 45.-46. gr. laganna, eða að tæki hafi verið tekið réttilega út við uppsetningu þess í skilningi 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Einnig bendir M á að slys M hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits þegar það átti sér stað eins og 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 geri ráð fyrir. Þannig verði X að bera hallann af sönnunarskorti skv. dómaframkvæmd á því hvað varð til þess að M slasaðist. M vísar þessu til viðbótar til þess hlykkur hafi komið á lyftu og því sé ekki hægt að rekja tjón til athugunarleysis M. Einnig vísar M til yfirlýsingar vélvirkja um aðstæður þegar einn fótur lyftunnar klikki kunni hún að síga

og hallast. Einnig áréttar M að múrhúð á stjórnbúnaði lyftunnar hafi getað valdið slysinu og X verði að bera hallann af sönnunarskorti um það þar sem slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits þegar það átti sér stað, eins og fyrr segir.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að M hafi verið að tala í síma um leið og hann hafi verið að stjórna lyftunni í greint sinn. Einnig hafi X ekki vitað af múrhúðarklessu á skynjara lyftunnar, sem fjallað er um í tölvupósti dags. 8. ágúst sl. V vísar til þess að rannsókn hafi átt sér stað af hálfu Vinnueftirlitsins daginn eftir slysið og þá hafi verið gerðar þrjár ábendingar varðandi körfulyftu, en engin þeirra hafi haft með orsakir slyss M að gera, þ.e. ekki hafi verið staðfest að búnaður hafi verið bilaður. Einnig bendir V á að þó múrhúðarklessa hafi verið á einum skynjara stjórnækja körfulyftunnar hafi engu að síður þurft atbeina starfsmannsins sjálfs til að færa fætur hennar, það gerist ekki sjálfkrafa.

Álit.

Í málinu virðist enginn ágreiningur vera um málsatvik að því leyti að fótur á körfulyftu í eigu X gaf sig með þeim afleiðingum að M slasaðist hinn 15. október 2018 við vinnu sína hjá X. Tilkynning til Vinnueftirlitsins var komið á framfæri m.v. að Vinnueftirlitið kom og tók lyftuna út daginn eftir og gerði þá þrjár athugasemdir við hana. Af þeim athugasemdum verður ekki séð að lyftan hafi verið biluð eða að öðrum starfsmönnum X hafi verið ljóst að múrhúðarklessa gæti verið á einum skynjara lyftunnar, eins og tölvupóstur dags. 8. ágúst 2022 gefur til kynna. Ekki er heldur ljóst hvenær skoðun þess aðila átti sér stað, en í fyrrnefndum tölvupósti segir að það hafi verið „...stuttu eftir slysið.“ Verður því ekki litið svo á að þó að Vinnueftirlitið hafi ekki skoðað aðstæður fyrr en daginn eftir slys M að það hafi áhrif á sönnunarmat í málinu.

Ekki liggur nákvæmlega fyrir hvað olli því að fótur undan körfulyftu, sem M sjálfur setti upp og stjórnaði þegar hann slasaðist, gaf sig. Verður ekki séð af þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu að skortur hafi verið á verklagsreglum af hálfu X eða að hægt hafi verið að leggja þá skyldu á X að einhver annar en M tæki aðstæður út á hverjum stað áður en hann notaði körfulyftuna. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að lyftan hafi verið biluð og aðrir starfsmenn X hafi vitað af því eða einhverju öðru sem gæti haft áhrif á notkun lyftunnar. Telst því ekki sannað að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir